

Háskólinn á Hólum í Hjaltadal  
Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur

Akureyri, 6. desember 2022  
UST202211-037/G.S.Á.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 30.11. 2022 – Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi, Háskólinn á Hólum.**

Þann 30. nóvember sl. fór fram eftirlit í Kynbóta- og rannsóknarstöð í bleikjueldi við Háskólann á Hólum, Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit, árið 2019, er varðar skil á ársyfirliti skv. gr. 4.5 í starfsleyfi. Yfirlitinu var skilað til eftirlitsaðila þann 23. september 2019 og er frávikinu því lokað. Tvær ábendingar voru settar fram varðandi uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og setningu á umhverfismarkmiðum og brugðist hefur verið við báðum þessum ábendingum með fullnægjandi hætti.

**Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:**

- 1. Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár. Yfirliti fyrir árið 2021 var ekki skilað fyrir 1. maí sl. en var skilað til eftirlitsaðila þann 5. desember sl. og telst frávikinu lokið.

**Umhverfisstofnun hefur mótttekið ársyfirlit fyrir árið 2021 og verður því ekki farið í eftirfylgni vegna málsins. Frávikinu er lokið.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Freyr Ævarsson  
*Sérfræðingur*